

**Starfsleyfisskilyrði fyrir ISAVIA ohf, 235 Keflavíkurflugvelli
Endurskoðun 2025**

Kaflayfirlit

1. Gildissvið, gjaldskylda og lagastoðir
2. Grunn- og yfirborðsvatn, varnir gegn mengun og vöktun
3. Æfingasvæði björgunar og eldvarna
4. Mengunaróhöpp og skráningar
5. Hávaðavarnir og vöktun
6. Skólphreinstöð og önnur fráveita
7. Loftgæði og vöktun
8. Úrgangur og niðurrif mannvirkja
9. Hollustuhættir og heilnæmi í Flugstöð Leifs Eiríkssonar
10. Samráðsfundir
Fylgiskjöl

1. Gildissvið, gjaldskylda og lagastoðir

- 1.1 Starfsleyfisiskilyrðin gilda fyrir starfsemi Isavia ohf., kt. 550210-0370, á Keflavíkurflugvelli eins og nánar er tilgreint í skilyrðunum. Leyfið var gefið út 21. ágúst 2015 skv. rg. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið gildir í tólf ár frá útgáfudegi og skal endurskoðað að jafnaði á fjögurra ára fresti, sbr. rg. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Endurskoðun fór síðast fram síðsumars 2019 og á vormánuðum 2025.
- 1.2 Handhafi starfsleyfis skal vera sá einstaklingur eða lögaðili sem rekur eða stýrir þeirri starfsemi sem starfsleyfið nær til, hér eftir kallaður rekstraraðili. Rekstraraðila ber að sjá til þess að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda og ákvæði starfsleyfisiskilyrða. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin fari með þeim hætti að hvorki fólki, dýralífi né umhverfi stafi hættu af.
- 1.3 Heimilt er að endurskoða starfsleyfisiskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða ef mengun er meiri en búast mátti við. Sama gildir ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða fram kemur ný tækni sem leiðir til bættra mengunarvarna, samanber gr. 5 í rg. 550/2018.
- 1.4 Um endurskoðun á starfsleyfisiskilyrðum skal fara skv. ákvæðum í gr. 14 í rg. 550/2018.
- 1.5 Starfsleyfisiskilyrðin ná til starfsemi sem er háð leyfi heilbrigðisnefndar skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, rg. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, rg. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, rg. 903/2024 um hollustuhætti, matvælalög nr. 93/1995 og tóbaksvarnarlög nr. 6/2002. Rekstur alþjóðaflugvalla er háður starfsleyfi heilbrigðisnefndar sbr. tl. 7.2 í X viðauka rg. 550/2018.
- 1.6 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar eða einstakra rekstrarþátta sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja um það með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara, sbr. gr. 13 í rg. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að endurskoða starfsleyfisiskilyrðin.
- 1.7 Undir starfsleyfisiskilyrðin fellur öll starfsleyfisskyld og skráningaskyld starfsemi rekstraraðila á athafnasvæði Keflavíkurflugvallar í samræmi við deili- og aðalskipulag sem er í gildi hverju sinni, þ.m.t. rekstur skólphreinsistöðvar við Djúpuvík, almennur rekstur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, umsjón með bílastæðum og ytra umhverfi flugstöðvarinnar, rekstur og viðhald á mengunarvarnabúnaði og kerfum flugvallarins og flugstöðvarinnar. Einnig ná skilyrðin yfir mengunarvarnir fyrir svæði þar sem mengandi starfsemi fer fram eða önnur mengunarhætta á við um, þ.m.t. mengunarvarnir fyrir flughlöð og brautir, afisingar- og frostvarnasvæði flugvéla, svæði sem ætluð eru til afgreiðslu flugvélaeldsneytis, fráveitukerfi frá þjónustusvæðum utan girðingar og æfingarsvæðis slökkviliðs.
Enn fremur fjalla skilyrðin um fráveitu flugstöðvarinnar og flughlaða, verkstæði fyrir bifreiðar og tæki félagsins og úrgangsmál, þ.m.t. söfnun og vörslu spilliefna og meðhöndlun á olíumenguðum jarðvegi.

- 1.8 Fylgiskjöl með ítarlegri skilyrðum, skýringum og leiðbeiningum gilda um einstaka þætti eftir því sem við á, sbr. liður 4.2 í starfsleyfisskilyrðum þessum. Því til viðbótar gilda einnig almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja og sértæk starfsleyfisskilyrði Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja fyrir afleiðslustöðvar eldsneytis. Ef misræmi er á kröfum milli annarra skilyrða í fylgiskjöllum og þessara þá gilda þessi skilyrði framfar.
- 1.9 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum þessara starfsleyfisskilyrða, laga og reglugerða um mengunarvarnir eða fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja getur embættið beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, XI kafla laga nr. 93/1995 um matvæli og VI. kafla laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir til að knýja á um úrbætur.
- 1.10 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar, sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.11 Um opinbert eftirlit Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja með starfsleyfisskyldri starfsemi fer skv. gr. 57 í rg. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Rekstraraðili greiðir Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja fyrir útgáfu, kynningu og endurskoðanir starfsleyfisins. Jafnframt greiðir rekstraraðili fyrir eftirlit, sýnatökur og aðrar tilfallandi aðkomur embættisins af starfseminni, skv. gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, sbr. 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- 1.12 Eintak af starfsleyfisskilyrðunum skal ávallt tiltækt á starfstöðinni og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.
- 1.13 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV í viðauka rg. 550/2018 og upplýsingalögum nr. 140/2012. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.
- 1.14 Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:2004 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. rg. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).
- 1.15 Rekstraraðila er heimilt að sækja um breytingu á starfsleyfi fyrir tímabundna og eða færanlega starfsemi innan haftasvæðis rekstraraðili sem falla undir rg. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og rg. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Sé umsókn um breytingu á starfsleyfi þess eðlis að ekki reynist þörf á að breyta starfsleyfisskilyrðum samanber 5. gr og 14. gr. rg. 550/2018 verða slíkar breytingar færðar inn sem viðauki við fyrirliggjandi starfsleyfi.

2. Grunn- og yfirborðsvatn, varnir gegn mengun og vöktun

- 2.1 Rekstraraðili skal koma í veg fyrir mengun og tryggja vernd grunnvatns með viðeigandi hætti, s.s. útboðsskilmálum, leiðbeiningum til verktaka, reglum og mengunarvarnabúnaði athafnasvæða. Jafnframt skal rekstraraðili, með viðeigandi verklagi, efnavali og mengunarvörnum í allri starfsemi sinni á flugvællinum, tryggja vernd grunnvatns. Í anda sjálfbærni og með langtímavernd vatnsauðlindarinnar að leiðarljósi ber rekstraraðila að tryggja að losun efna út í náttúruna á hverjum tíma sé minni en afkastageta náttúrunnar til þess að vinna á efnunum. Athafnasvæði rekstraraðila er innan grunnvatnshlots 104-115-G, Rosmhvalanes 2. Í Vatnaáætlun 2022-2027 frá UST er vatnshlotið skilgreint í hættu. Á bls. 44 í vatnaáætluninni eru teknir saman áhættuþættir og greiningar á vatnshlotinu og í fylgiskjali 1 er að finna hlekk á vatnaáætlunina. Markvisst skal vinna í endurheimt vatnsgæða með því að draga úr losun efna í berggrunn eða eftir atvikum koma alfarið í veg fyrir hana. Bein losun efna sem náttúran getur ekki unnið á er óheimil sbr. 6. gr. rg. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns. Um losun annarra efna í berggrunn gilda ákvæði þessa starfsleyfis, sbr. 7. og 10. gr. reglugerðar um varnir gegn mengun grunnvatns. Um mengunaróhöpp og umhverfisslys fer skv. viðbragðsáætlun í fylgiskjali 2.
- 2.2 Þar sem afrennslisvatni af plönum og/eða fráveitu frá mengandi starfsemi er veitt út í berggrunn skulu vera aðgengilegir sýnatökustaðir. Miða skal við hægt sé að taka sýni þar sem vatnið rennur út í berggrunn að lokinni hverskyns meðhöndlun/hreinsun, þ.e.a.s. aftan við olíuskiljur/settjarnir, fituskiljur og siturlagnir, eftir því sem við á.
- 2.3 Vöktun grunnvatns skal háttað skv. tillögu Verkís 29.10.2018, sbr. fylgiskjali 3. Sýni skulu tekin tvisvar á ári úr grunnvatnsholunum níu, snemma vors og að hausti, ásamt einu viðmiðunarsýni til samanburðar. Samhliða vöktun grunnvatns skulu tekin sýni af afrennsli settjarna. Rannsóknarþættir afrennslisvatns settjarna skulu vera þeir sömu og við vöktun grunnvatns. Hafa skal samráð við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja um framkvæmd við vöktun grunnvatns og skal embættinu gefinn kostur á að hafa fulltrúa til staðar þegar sýnataka fer fram.
- 2.4 Þar sem ofanvatni er safnað saman í lagnakerfi af bílastæðum með útrás í jarðveg eða berggrunn skal koma fyrir sýnatökubrunnum. Ef aðstæður gefa tilefni til getur Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja gert kröfu um að komið verði fyrir settjörnum til að koma í veg fyrir að agnir, olíur og önnur mengandi efni berist óhindruð í grunnvatn. Rekstraraðilar eru hvattir til að nýta sér blágrænar ofanvatnslausnir þar sem hægt er að koma þeim fyrir.
- 2.5 Tæringarefni hafa greinst í grunnvatni sem helst má rekja til frostvarnaefna fyrir flugvélar. Rekstraraðili skal leitast við að halda notkun frostvarnaefna í lágmarki og grípa til viðeigandi ráðstafana til þess að hindra að þau berist í grunnvatn. Mengunarhætta vegna afsingar- og frostvarnaefna er annars vegar næringarmengun (BOD) og hins vegar efnamengun vegna íblöndunarefna.

Íblöndunarefni eru notuð til þess að breyta eiginleikum efnanna, s.s.: yfirborðsspennu, frostþoli, áferð og þykkt. Notkun frostvarnaefna sem ekki hafa hlotið skráningu og staðist áhættumat REACH er óheimil.

Til þess að fyrirbyggja mengun hefur rekstraraðili lagt fram áætlun um sérstök afþingarsvæði þar sem afþingarvökva verður safnað til endurnýtingar, sbr. stöðuskýrslu CDR 21016 Taxiway Parallel November and Centralized De-icing Platform. Áformað er að framkvæmdum á afþingarsvæði ljúki á árinu 2033.

- 2.6 Rekstraraðili skal sjá til þess að einungis aðilar sem hafa starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja hafi aðgang að eldsneytiskerfum rekstraraðila og annist eldsneytisafgreiðslu á athafnasvæði flugvallarins.

Meðhöndlun olíu, þ.m.t. afgreiðsla eldsneytis á flugvélar, er einungis heimiluð á bundnu slitlagi þar sem afrennsli er leitt um olíuskiljur og settjarnir sem Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur samþykkt. Komi upp aðstæður þar sem afgreiða þarf eldsneyti utan ofangreindra skilyrða skal samráð haft við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja.

3. Æfingasvæði björgunar og eldvarna

- 3.1 Meðhöndlun olíu er einungis heimiluð á bundnu slitlagi þar sem afrennsli er leitt um olíuskiljur innan um malbikaðan kant sem umkringir eldfugl áður en því er veitt til endanlegs viðtaka. Við æfingar má einungis notast við hreina olíu, þ.e. steinolíu/flugvélaeldsneyti, þegar kveikt er í vatnstjörn í þar til gerðum eldpytti auk gass við uppkveikju í eldfugli. Óheimilt er að kveikja í bifreiðum eða öðrum efnum utan kantsins í kringum eldfuglinn. Óheimilt er að geyma olíur eða eldsneyti utan kantsins í kringum eldfuglinn. Ef geyma þarf eldfima vökva í byggingu við eldfuglinn skulu þau vera á lekabökkum eða tryggt á annan hátt að efnin berist ekki út fyrir bygginguna eða í niðurföll í byggingunni. Fjarlægja skal allan eldsmat eftir æfingar við fyrsta mögulega tækifæri og tryggja að ekki berist frá því frekari mengun til að mynda vegna foks eða annarra aðstæðna.
- 3.2 Á eldpytt sem er norðan við fuglinn má tímabundið geyma mengaðan jarðveg eða brunarústir að loknum æfingum áður en því er komið til förgunar eða meðhöndlunar hjá aðila með starfsleyfi til þess.
- 3.3 Eigi sjaldnar en einu sinni á ári skulu rekstraraðili og Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hafa samráð í aðdraganda æfingar slökkviliðs og skal fulltrúi heilbrigðiseftirlitsins vera viðstaddur þegar sú æfing fer fram.
- 3.4 Nánari skilyrði um verklag á æfingasvæði brunavarna er að finna í fylgiskjali 4.

4. Mengunaróhöpp og skráningar

- 4.1 Rekstraraðili skal stuðla að því með upplýsingagjöf til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja að öll starfsemi á flugvallarsvæðinu hafi starfsleyfi eða samþykkt skráningu sem falla undir lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. rg. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og rg. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um slíka starfsemi gilda að lágmarki almenn starfsleyfis-skilyrði Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, skráningaskilyrði og eftir atvikum sértæk skilyrði fyrir viðkomandi starfsemi.

- 4.2 Um starfsemi rekstraraðila á verkstæðum eða sambærilegri starfsemi innan flugvallarsvæðis gilda ýmist almenn starfsleyfis skilyrði fyrir mengandi starfsemi, samræmd skilyrði og/eða skilyrði fyrir skráningarskylda starfsemi, eftir sem á við (fylgiskjal 5).
- 4.3 Verði rekstraraðila kunnugt um aðila sem starfa án starfsleyfis eða samþykktar skráningar innan skipulagssvæðis rekstraraðila skal rekstraraðili upplýsa Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja um slíkt.
- 4.4 Mengist jarðvegur af olíu eða öðrum mengandi efnum skal hann fluttur til förgunar hjá aðila með starfsleyfi. Rekstraraðila er þó heimilt að koma sér upp aðstöðu til meðhöndlunar á jarðvegi sem mengast innan athafnasvæðisins. Við meðhöndlun skal hafa samáð við Heilbrigðieftirlit Suðurnesja.
- 4.5 Kvittanir fyrir móttöku/förgun spilliefna sem falla til í starfsemi rekstraraðila skal varðveita sbr. skráningar vegna vöktunaráætlana og greinar 10.4. Afrit skulu vera aðgengileg við eftirlit.

5. Hávaðavarnir og vöktun

- 5.1 Rekstraraðili skal leitast við að draga úr og koma í veg fyrir ónæði og skaðleg áhrif af völdum hávaða í byggð, sbr. rg. 724/2008 um hávaða. Viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá flugumferð eru þannig tilgreind í 4. gr. í viðauka reglugerðarinnar, sjá töflu 1.

Tafla 1

Tegund húsnæðis	Mörk við húsvegg L_{den}	Mörk við húsvegg $L_{AFmax5\%}$ nótt	Inni L_{Aeq24}
Íbúðarhúsnæði, dvalarrými og skólar	55*	80	30
Íbúðarhúsnæði, dvalarrými og skólar á svæðum í nágrenni þegar starfandi flugvalla	65*	90	30

*Hávaði utan við húsvegg má vera meiri ef tryggð er bein aðfærsla útílofts um hljóðgildirur.

- 5.2 Rekstraraðili skal leitast við að lágmarka hávaða af flugumferð yfir íbúabyggð og háttu hreyfingum flugvéla þannig að sem fæstir íbúar verði fyrir ónæði. Rekstraraðili skal halda Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja upplýstu um reglur sem liggja til grundvallar flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnun flugumferðar á hverjum tíma. Leiði hávaðamælingar í ljós að hávaði í íbúabyggð sé yfir mörkum rg. 724/2008 um hávaða skal rekstraraðili hafa samráð við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja um takmarkanir í reglum um flugleiðsögn, rg. 666/2015 um rekstrartakmarkanir vegna hljóðmengunar flugvöllum sem staðsettir eru á Evrópska efnahagssvæðinu, enda verði viðmiðunarmörkum reglugerðarinnar ekki náð með öðrum hætti.
- 5.3 Rekstraraðili skal halda skrá yfir frávik og tilvik þar sem hávaði fer yfir sett mörk. Á reglubundnum samráðsfundum, tvisvar á ári, skal rekstraraðili greina heilbrigðiseftirlitinu frá niðurstöðum vöktunar, frávikum og ástæðum frávika.

6. Skólphreinstöð og önnur fráveita

- 6.1 Í Djúpuvík er skólphreinstöð rekstraraðila sem veitir skólpi frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar og flugvélum sem hafa viðkomu á Keflavíkurflugvelli og tengdum byggingum. Hreinsun skólps skal vera viðunandi og fara fram með viðurkenndum hreinsibúnaði í samræmi við ákvæði rg. 798/1999 um fráveitur og skólp þannig að gæðamarkmiðum reglugerðarinnar fyrir viðtaka sé náð. Að hreinsun lokinni er skólpinu veitt út um útrás sem nær um 700 metra vestur út fyrir stórstraumsfjöruborð.

Viðtakinn telst skv. þessu síður viðkvæmur, sbr. B. lið í II. viðauka rg. 789/1999 um fráveitur og skólp. Leiði rannsóknir á strandsjó, sbr. lið nr. 6.4, hinsvegar í ljós að hann anní ekki álagi m.t.t. næringarefna eða annarrar mengunar mun Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja endurskoða flokkun viðtakans og eftir atvikum gera ríkari kröfur til hreinsunar.

- 6.2 Miðað skal við að gæðamarkmiðum stranda, m.t.t. saurmengunar, verði allstaðar náð við stórstraumsfjörumörk. Heilbrigðiseftirlitið mun annast eftirlit með strandsjó. Rekstraraðili skal sinna annarri vöktun í samræmi við Leiðbeiningar og eftirlitsmælingar og vöktun vegna fráveitu útgefið af UST 2022, sjá fylgiskjal 6.

- 6.3 Ef um bilanir eða ofálag vegna ofanvatns er að ræða er skólpi veitt um yfirfall sem fer um 80 metra vestur út fyrir stórstraumsfjöruborð. Miðað skal við að yfirfall vegna ofanvatns sé ekki nýtt meira en 5% af tímanum. Tryggja skal að saurmengun við ströndina sé undir umhverfismörkum sem tilgreind eru í fylgiskjali 2 með rg. 789/1999 um fráveitur og skólp.

- 6.4 Efnisflæði í gegnum skólphreinsistöðina skal mæla og skrá. Annars vegar skal gera grein fyrir rúmmáli fljótandi efna út í viðtakann og hins vegar föstum efnum sem falla til í brunnum og hreinsivirki stöðvarinnar og fara til annarrar förgunar. Rannsóknir sem framkvæmdar hafa verið á gildistíma starfsleyfisins gefa ekki til kynna að fráveita valdi mengun á viðtaka, röskun á lífríki eða mengun við strendur. Áfram skal fara fram vöktun á lífríki og strandsjó svo greina megi hugsanlegar breytingar og bregðast við.

7. Loftgæði og vöktun

- 7.1 Takmarka skal loftmengun eins og kostur er. Styrkur mengandi efna frá starfseminni skal ekki fara upp fyrir umhverfismörk utan athafnasvæðis flugvallarins, sbr. 21. gr. rg. 787/1999 um loftgæði. Flugtökum og landingum skal þannig háttað að sem minnst loftmengun berist yfir íbúabyggð. Forðast skal að láta flugvélar og önnur vélknúin tæki ganga í lausagangi og þess gætt að útblástur þeirra skerði ekki loftgæði innandyrna í flugstöðinni né nærliggjandi byggð. Við hreinsun flugbrauta skal þess gætt að rykmengun valdi ekki ónæði og berist ekki út fyrir flugvallarsvæðið.

- 7.2 Rekstraraðili skal með mælingum vakta styrk nituroxíða við flugvöllinn. Eigi síðar en á samráðsfundi í mars 2026 skal rekstraraðili leggja fram tillögu um viðtækari loftgæðavöktun við flugvöllinn m.t.t. áhrifa á nærliggjandi íbúabyggð. Með viðtækari loftgæðavöktun skulu fylgja tillögur að mótvægisáðgerðum fari styrkur efna upp fyrir mörk eða nálægð byggð verði fyrir óþægindum eða ónæði vegna loftmengunar.

8. Úrgangur og niðurrif mannvirkja

- 8.1 Í allri starfsemi skal stuðla að sjálfbærri auðlindanotkun og leita leiða til þess að draga úr myndun úrgangs. Lágmarka skal þann úrgang sem sendur er til endanlegrar förgunar með því að flokka úrgang sem hægt er að endurnota, endurnýta eða endurvinna.
- 8.2 Niðurrif mannvirkja er háð samþykktri skráningu og skilyrðum sem um niðurrif mannvirkja gilda hverju sinni, sbr. rg. 830/2022 um skráningaskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ef til niðurrifs mannvirkja kemur skal rekstraraðili sækja um skráningu eða eftir atvikum ganga úr skugga um að verktaki sem annast niðurrifið sækir um skráningu, sbr. ákvæði 4.1 um aðra starfsemi sem getur haft í för með sér mengun. Í þeim tilfellum þar sem rekstraraðili (ISAVIA) sækir um skráningu er vísað til ákvæðis í kafla 1.15 í skilyrðum þessum þar sem rekstraraðila er heimalt að nýta sér endurskoðunarákvæði fyrirbyggjandi starfsleyfis.
- 8.3 Standa skal að söfnun, geymslu og annarri meðhöndlun á úrgangi sem til fellur á athafnasvæði rekstraraðila þannig að ekki valdi ónæði, lýti, mengunarhættu eða annarri hættu fyrir heilbrigði manna og dýra. Tryggt skal að úrgangur sem til fellur fái viðeigandi meðhöndlun og sé fluttur til meðhöndlunar eða förgunar af aðilum með starfsleyfi.
- 8.4 Ef óhöpp eða slys við meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. spilliefni, leiða til neikvæðra áhrifa á umhverfið skal rekstraraðili tafarlaust grípa til ráðstafana til að lágmarka afleiðingarnar fyrir umhverfið. Jafnframt skal tilkynna Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja um atvikið, sbr. 55. gr. rg. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 8.5 Fyllingar eru starfsleyfis skyldar hjá heilbrigðiseftirlitinu sem endurnýting úrgangs, skv. 19. tl. IV. viðauka laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Við endurnýtingu á óvirkum úrgangi í fyllingar skal horft til leiðbeininga Umhverfisstofnunar í fylgiskjali 7. Rúmi fylling meira en 500 tonn af úrgangi kunna þær enn fremur að vera tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar, sbr. 19. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Í þeim tilfellum þar sem rekstraraðili (ISAVIA) sækir um skráningu er vísað til ákvæðis í kafla 1.15 í skilyrðum þessum þar sem rekstraraðila er heimalt að nýta sér endurskoðunarákvæði fyrirbyggjandi starfsleyfis.
- 8.6 Starfsleyfi þetta gildir ekki til endurnýtingar jarðvegsefna og óvirs úrgangs sem fellur til á svæðinu í fyllingar eða aðra landmótun innan svæðisins. Áformi rekstraraðili endurnýtingu óvirs úrgangs innan flugvallarsvæðisins skal rekstraraðili gera viðeigandi ráðstafanir í skipulagsáætlunum og sækja um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Í þeim tilfellum þar sem rekstraraðili (ISAVIA) sækir um skráningu er vísað til ákvæðis í kafla 1.15 í skilyrðum þessum þar sem rekstraraðila er heimalt að nýta sér endurskoðunarákvæði fyrirbyggjandi starfsleyfis.
- 8.7 Komi í ljós mengaður jarðvegur við uppgröft vegna framkvæmda innan flugvallarsvæðisins skal rekstraraðili upplýsa Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja um atvikið án tafar.

Jarðvegur sem inniheldur olíu eða lífræn leysiefni, brotamálma eða annan úrgang telst mengaður og skal fluttur til förgunar hjá aðila með starfsleyfi, sbr. ákvæði 3.2 um æfingasvæði björgunar og eldvarna, eldpytt og eldfugl og ákvæði 4.4 um mengunaróhöpp og skráningu.

- 8.8 Um söfnun og geymslu spilliefna sem falla til á athafnasvæði flugvallarins skal, eftir því sem við á, farið að skilyrðum um æskilegar lágmarkskröfur um starfshætti og mengunarvarnir á bls. 3 í leiðbeiningum Umhverfisstofnunar „Söfnunar- og móttökustöðvar sem eru með starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd“, sjá fylgiskjal 8. Spilliefnum skal komið til móttökuaðila sem hefur starfsleyfi til meðhöndlunar eða förgunar efnanna og skulu kvittanir fyrir förgun efnanna varðveittar og sendar heilbrigðiseftirlitinu. Um geislavirkan úrgang skal fara eftir viðmiðum og ákvæðum Geislavarna ríkisins, sbr. lög um geislavarnir nr. 44/2002.

9. Hollustuhættir og heilnæmi í Flugstöð Leifs Eiríkssonar

- 9.1 Í rekstri, þrífum og viðhaldi flugstöðvarinnar skal með efnavali og verklagi tryggja heilnæm lífsskilyrði og koma í veg fyrir að mengun hafi skaðleg áhrif á heilsufar og líðan þeirra sem flugstöðina nýta. Halda skal rými flugstöðvarinnar ómengduðu m.t.t. eðlisfræðilegra þátta, s.s. hita, raka, hávaða og titrings, og efnafræðilegra þátta, s.s. ryks, efna og lyktar. Um takmarkanir á tobaksreykingum fer skv. III. kafla laga nr. 6/2002 um tobaksvarnir.
- 9.2 Þríf skulu framkvæmd skv. þrifaáætlun, t.d. vottuðu gæðakerfi, eða annarri áætlun sem samþykkt hefur verið af Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja.
- 9.3 Aðgengi að snyrtingum skal vera gott í flugstöðinni allri og skal leitast við að hvergi verði meira en 50-100 m í næstu snyrtingu og leiðir vel merktar. Aðstaða skal merkt að utanverðu m.t.t. til þess hvaða þjónustu rýmin bjóða upp á, s.s. einföld snyrting, skiptiborð fyrir ungabörn eða fullbúin baðaðstaða. Séu snyrtingar kvenna og karla aðskildar með merkingum skal einnig boðið upp á kynhlutlausu aðstöðu.
- 9.4 Starfsleyfisskilyrðin hafa áður sem og nú að geyma takmörkuð ákvæði er snúa að gæludýrum og dýrageymslum. Heilbrigðiseftirlitið telur þörf á að ávarpa þetta í starfsleyfinu, með það fyrir augum að gerður verði sérstakur viðauki um þessi atriði að höfðu samráði við Matvælastofnun. Ekki er gert ráð fyrir að gerð hans verði lokið í því endurskoðunarferli sem nú er hafið. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja mun leggja til minnisblað fyrir rekstraraðila við fyrsta mögulega tækifæri.
- 9.5 Um meindýravarnir gilda skráningaskilyrði sbr. fylgiskjal 5. Um hollustuhætti í flugstöðinni gilda að öðru leyti starfsleyfisskilyrði fyrir samgöngumiðstöðvar, fylgiskjal 9.
- 9.6 Um sóttvarnir vísast til leiðbeininga sóttvarnarlæknis um forvarnir gegn sýkingum hjá lögreglumönnum, tollvörðum og starfsmönnum Isavia á Keflavíkurflugvelli, júní 2014, sbr. fylgiskjal 10.
- 9.7 Ef grunur vaknar um að alvarlegan smitandi sjúkdóm í flugstöð eða flugvél eða upp koma tilfelli þar sem úrgangur er sóttmengaður eða grunur leikur á um að svo sé skal unnið skv. viðbragðsáætlun almannavarna frá janúar 2018, viðbragðsáætlun fyrir sóttvarnir á alþjóðaflugvöllum, sbr. fylgiskjal 11.

- 9.8 Sóttmenguðum úrgangi skal safnað í traust þar til gerð ílát. Ílát skulu merkt með upplýsingum um innihald, ADR merki og UN kóða, nafni pökkunaraðila og dagsetningu.

Fyrir flutning til förgunar skal útbúið farmbréf, sbr. rg. 1077/2010 um flutning á hættulegum farmi. Til sóttmengaðs úrgangs telst hlífðarfatnaður og áhöld sem notuð eru við þrif á sóttmenguðum svæðum, blóð, uppsölur og líkamsvessar smitbera. Kvittanir fyrir förgun sóttmengaðs úrgangs skulu varðveittar og vera aðgengilegar heilbrigðiseftirlitinu.

- 9.9 Ákvæði 4.1 er varðar gagnkvæma upplýsingagjöf um starfsleyfis- eða skráningarskylda mengandi starfsemi gildir einnig varðandi aðila sem stunda starfsemi sem er háð starfsleyfi eða skráningu sbr. rg. 903/2024 um hollustuhætti, 9. gr. matvælalaga nr. 93/1995 og 8. gr. tóbaksvarnalaga nr. 6/2002.

10. Samráðsfundir

- 10.1 Tvisvar á ári, að jafnaði í mars og september, skal rekstraraðili boða til samráðsfundar með Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja þar sem rekstraraðili kynnir niðurstöður hávaðamælinga, efnamælinga grunnvatns og loftgæðamælinga. Gera skal sérstaklega grein fyrir frávikum og ástæðum þeirra.

- 10.2 Vegna áforma um verklegar framkvæmdir á flugvallarsvæðinu, s.s. stækkun flughlaða, bílastæða og brauta, niðurrifa mannvirkja eða annarrar leyfisskyldrar starfsemi, skal rekstraraðili nýta samráðsfundina til þess að upplýsa heilbrigðiseftirlitið með framlagningu stöðuskýrslu um áformin eftir því sem við á hverju sinni.

- 10.3 Rekstraraðili skal nýta samráðsfundina til þess að upplýsa heilbrigðiseftirlitið ef áformaðar eru breytingar á einstökum þáttum starfseminnar. Heilbrigðiseftirlitið leggur í framhaldinu mat á hvort breytingin leiði til endurskoðunar starfsleyfis, sbr. 5. gr. rg. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

- 10.4 Rekstraraðili skal nýta samráðsfundina til framlagningar stöðuskýrsla um starfsstöðvar og mengunarþætti sem starfsleyfið nær yfir. Í stöðuskýrslum verði greint frá leyfis- og eftirlitsskyldri starfsemi, starfsstöð eða búnaði í rekstri rekstraraðila. Greina skal frá umfangi og eðli viðkomandi starfsemi, efnanotkun, mengunarvörnum og úrgangsmýndun eftir því sem við á. Stöðuskýrslur rekstraraðila um leyfis- og eftirlitsskylda starfsemi skulu liggja til grundvallar útgáfu á nýju starfsleyfi, eigi síðar en 21. ágúst 2027.

- 10.5 Ákvæði fyrir samráðsfundi:

Ákvæði fyrir samráðsfund í september 2025

Leggja skal fram stöðuskýrslu sem lýsir ástandi settjarna sem eiga að þjóna síðari þrepi hreinsunar afrennslisvatns af athafnasvæðum og eftir atvikum áætlun um hreinsun þeirra, m.t.t. sets og gróðurs, eftir því sem tilefni er til.

Ákvæði fyrir samráðsfund í mars 2026

Leggja skal fram stöðuskýrslu um skólphreinsistöðina á Stafnesi og tímasetta áætlun um úrbætur til þess að koma í veg fyrir ítrekaðar rekstrartruflanir sökum rafmagnsleysis.

Leggja skal fram uppfærð viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa, sbr. fylgiskjal 2, í stað þeirrar 10 ára gömlu viðbragðsáætlunar sem liggur til grundvallar núverandi starfsleyfi.

Leggja skal fram tillögu um ítarlegri loftgæðavöktun á flugvallarsvæðinu með það fyrir augum að geta metið áhrif á nærliggjandi íbúabyggð.

Ákvæði fyrir samráðsfund í september 2026

Leggja skal fram stöðuskýrslur fyrir:

- Eldsneytiskerfi flugvallarins, eldsneytisafgreiðslu og mengunarvarnir.
- Æfingasvæði björgunar og eldvarna.
- Bílastæði og plön án mengandi starfsemi, fráveitur og mengunarvarnir.

Ákvæði fyrir samráðsfund í mars 2027

Leggja skal fram drög að starfsleyfisumsókn (gildandi starfsleyfi rennur út 21. ágúst 2027). Umsókninni skulu fylgja stöðuskýrslur framlagaðar á samráðsfundum og henni fylgi enn fremur eftirfarandi uppdættir (nema þeir liggi þegar fyrir í stöðuskýrslum):

- Uppdrættir af fráveitufyrirkomulagi og mengunarvörnum frá athafnasvæðum olíuáfyllinga og frostvarna annarsvegar, og bílastæðum og plönum án virkrar starfsemi hinsvegar.
- Uppdrættir af sölum og svæðum flugstöðvarinnar hvar fram komi salernisaðstaða og sérrými, þjónustubættir hvers rýmis og áætlað þjónustusvæði viðkomandi aðstöðu.
- Uppdrættir sem sýni áformaðar fyllingar hvar rekstraraðili áformar að endurnýta óvirkan úrgang, s.s. jarðveg og sand innan athafnasvæðisins við Keflavíkurflugvöll.
- Uppdrættir sem sýni áformaðar staðsetningar og umfang fyrir millilagera fyrir óvirkan úrgang.
- Uppdrættir sem sýna fyrirbyggjandi áform um stækkanir flugstöðvarinnar og athafnasvæðis flugvallarins, s.s. flughlaða og bílastæða, og mengunarvörnum þeim tengdum, sem búast má við að ráðist verði í á gildistíma nýs leyfis sem gefið yrði út til 12 ára.

Drög: 22. júlí 2025

Send til rekstraaðila 6. ágúst 2025

Yfirfarið af rekstraraðila 19. september 2025

Auglýst 18. nóvember 2025

Samþykkt af heilbrigðisnefnd xx. xxxxx 2025

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1: Vatnaáætlun 2022-2027

[https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatna%C3%A1%C3%A6tlun%202022-2027%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatna%C3%A1%C3%A6tlun%202022-2027%20-%20Copy%20(1).pdf)

Fylgiskjal 2: Viðbragðsáætlun rekstraraðila

<https://hes.is/wp-content/uploads/2025/11/Verklagsreglur-ISA VIA-VR710-23-Utgafa-19-utgefid-051125.pdf>

Fylgiskjal 3: Vöktun grunnvatns á Keflavíkurflugvelli, tillaga Verkís

<https://www.hes.is/wp-content/uploads/2019/09/voktun11092019.pdf>

Fylgiskjal 4: Starfsleyfi fyrir æfingasvæði Slökkviliðs Keflavíkurflugvallar, 14. október 2025

<https://hes.is/wp-content/uploads/2025/11/Starfsleyfisaskilyrði-fyrir-æfingasvaedi-brunavarna-lsavia-ohf.pdf>

Fylgiskjal 5: Skilyrði fyrir skráningaskylda starfsemi

<https://island.is/skraningarskyld-starfsemi/skilyrði>

Fylgiskjal 6: Leiðbeiningar um eftirlitsmælingar og vöktun vegna fráveitu

<https://www.ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Lei%C3%B0beiningar%20um%20eftirlit%20og%20v%C3%B6ktun.pdf>

Fylgiskjal 7: Endurnýting úrgangs í fyllingar

https://ust.is/library/sida/atvinnulif/Endurn%C3%BDting_%C3%BArgangs_%C3%AD_fyllingar.pdf

Fylgiskjal 8: Söfnunar- og móttökustöðvar sem eru með starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd

<https://ust.is/library/Skrar/utgefid-efni/Annad/S%C3%B6fnunarst%C3%B6%C3%B0var%20-%20Lei%C3%B0beiningar%20UST%20um%20m%C3%B3tt%C3%B6ku%20spilliefna%20LOK A%C3%9ATG%C3%81FA%2019.01.15.pdf>

Fylgiskjal 9: Starfsleyfisaskilyrði fyrir samgöngumiðstöðvar

<https://ust.is/library/sida/atvinnulif/Samgo%CC%88ngumi%C3%B0sto%CC%88%C3%B0var%20-%20Starfsleyfisaskilyr%C3%B0i%20-%20J%C3%BAl%C3%AD%202019.pdf>

Fylgiskjal 10: Leiðbeiningar sóttvarnarlæknis um forvarnir gegn sýkingum hjá lögreglumönnum, tollvörðum og starfsmönnum Isavia á Keflavíkurflugvelli, júní 2014.

https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/30RVxhO7CZPCyPPdsI60kO/f66b876502f7af136b358ba11d82171d/Lei_beiningar_sottvarnal_knis_um_b_luseningar_og_forvarnir.pdf

Fylgiskjal 11: Viðbragðsáætlun fyrir sóttvarnir á alþjóðaflugvöllum. Sóttvarnarlæknir og ríkislögreglustjórinn, janúar 2018.

<https://www.almannavarnir.is/utgefid-efni/vidbragdsaaetlun-fyrir-sottvarnir-a-althjodaflugvollum-utgafa-januar-2018/>

Fylgiskjal 12: Sértek starfsleyfisaskilyrði fyrir bensinstöðvar/afgreiðslustöðvar eldsneytis.

<https://hes.is/wp-content/uploads/2025/05/Bensinstodvar-starfsleyfisaskilyrði-2025.pdf>

Fylgiskjal 13: Almenn starfsleyfisaskilyrði Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja fyrir mengandi starfsemi

<https://hes.is/wp-content/uploads/2025/05/Almenn-starfsleyfisaskilyrði-2025.pdf>